

Stjórnarfundur
FORMA
nr. 4
2009 – 2010

Staður: Gamli skóli

Dags: 16. des. 2009

Tími: kl. 17:00

Mætt: Herdís Zóphóníasdóttir fulltrúi MA, Þórleifur Stefán Björnsson, Herdís Ívarsdóttir, Arnfríður Kjartansdóttir, Anna Richardsdóttir, Elín E. Magnúsdóttir, Hrefna Laufey Ingólfssdóttir og Ívar Ragnarsson

1. Fundarsetning

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (25.nóv.) borin upp til samþykktar og hún samþykkt.

3. Samskipti við foreldra; kynningarbréf til foreldra.

Kynningarbréf þar sem stjórn Forma kynnir sig, tilgang félagsins og markmið þess fyrir foreldrum/forráðamönnum ólögráða nemenda við skólann er tilbúið og verður sent út á morgun.

4. Reglugerðir; sérfræðipjónusta við nemendur.

Arnfríður kom inn á setningu reglugerðar um réttindi ungmenna til náms til 18 ára aldurs. Ræddi hún sérstaklega um hvaða félagsleg úrræði væru/yrðu í boði fyrir þá nemendur sem flosna upp úr námi fyrir 18 ára aldurinn m.a. af völdum veikinda, og hvort við ættum að skoða mögulega aðkomu Forma að gerð reglugerðarinnar. Lagði hún til að við kynntum okkur málið og skoðuðum m.a. heimasíður Heimilis og skóla varðandi þetta mál. Ákveðið að ræða þetta betur á næsta fundi.

5. Áframhaldandi umræða um partístand og leigusala.

Anna Richards. setti sig í samband við fulltrúa Heimila og skóla til að kynna sér hvernig þar er litið á mál er varða vímuefnanotkun þessa hóps, og forvitnast um hvað er í gangi í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom að þar er verið að glíma við svipuð eða sömu mál og hjá okkur.

Heimili og skóli munu halda fund með menntamálaráðherra 29. janúar 2010.

Ekki hefur enn verið samin dagskrá fyrir fundinn.

Ákveðið er að Forma sækir um aðild að samtökunum Heimili og skóli og mun MA greiða árgjaldið að samtökunum.

Fréttir hafa borist af að svonefnd busaböll hafi verið haldin í að minnsta kosti tveimur tilfellum í liðnum mánuði. Böllin voru haldin í leiguhúsnæði og höfðu forsvarsmenn beggja staðanna fengið bréf frá Forma varðandi útleigu til ólögráða unglinga. Haft verður samband við viðkomandi forsvarsmenn.

Fram kom að skólayfirvöld eru að velta fyrir sér hvernig rjúfa megi þennan þátt í sambandi fyrstu og fjórðu bekkinga.

Auglýst verður laus til umsóknar staða forvarnarfulltrúa við Menntaskólann á Akureyri, er það m.a. gert vegna þrýstings frá Forma.

6. Starfið framundan, fundartími næsta fundar.

Rætt um að ná sambandi við nýja stjórn Hugins strax á vordögum til að ræða við stjórnina um ástand mála og mögulegar aðgerðir.

Næsti fundur ákveðinn 27. janúar 2010 í Gamla skóla kl. 17.00

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið upp úr kl. 18.00

Ívar Ragnarsson
ritari